

HAMPIÐJAN

VERSLUN

ALLT Á EINUM STAD

Ólafsbraut 19 - 436 1214 - www.voot.is

JÖKULL

1129. tbl - 24. árg.

3. október 2024



Litahlaup Grunnskóla Snæfellsbæjar



Fimmtudaginn 26. september var litahlaup Grunnskóla Snæfellsbæjar haldið í fyrsta sinn. Eftir að allir nemendur Grunnskóla Snæfellsbæjar höfðu dansað saman í íþróttahúsinu í Ólafsvík hélt allur skarinn ásamt starfsfólki skólans og nokkrum gestum út á skólalöð skólans. Þar tóku Halldóra Unnarsdóttir, Margrét Eva

Einarsdóttir og Ingibjörg Sumarliðadóttir við og hituðu mannskapinn vel upp svo enginn kæmi slasaður í mark. Hópurinn hljóp svo af stað gamla skólahringinn, út Bæjartúnið, upp regnbogagötuna í Kirkjutúninu, inn Engihlíðina og endaði aftur hjá skólanum. Fæstir létu sér nægja að taka einn hring og þeir kappsöm-



ustu tóku 6 til 8 hringi. Sex litastöðvar voru á leiðinni og tónlistin ómaði um bæinn. Foreldrar og aðstandendur komu til að fylgjast með hlaupinu og hvetja áfram. Þá kom líka heimilisfólk af dvalar- og hjúkrunarheimilinu Jaðri og börn og starfsfólk af leikskólanum Krílakoti mættu

með blöðrum og fána til að hvetja hlauparana áfram. Mikil ánægja var með daginn, bæði með fyrirmyndar börn sem sveitarfélagið má vera stolt af sem og skemmtunina. Meðfylgjandi myndir tók Marinó Mortensen.

SJ

**FISKMARKAÐUR
ÍSLANDS**

Sími: 430 3700
www.fmis.is



Björg komin til landsins

Björg, nýjasta björgunar-skip Slysavarnarfélagsins Landsbjargar, er komin til landsins og var hífð frá borði Brúarfoss, skipi Eimskipafélagsins í Sundahöfn mánudaginn 30. september. Björg kemur til með að leysa af samnefnt skip en Björgunarsveitin Lífsbjörg skrifaði undir samning þess efnis að smíði á skipinu yrði hafin fyrir Björgunarbátasjóð Snæfellsness í október 2023. Gamla skipið var smíðað árið 1988 og því orðið 36 ára gamalt en með nýju skipi mun viðbragðstími hjá björgunarsveitinni á svæðinu stytast um helming, aðstaða verða betri ásamt því að viðhaldsrekstur mun minnka til muna. Nú þegar skipið er komið til landsins hefjast skoðanir á því í aðdragnda útgáfu halfæris skírteinis ásamt því að koma fyrir



ýmsum tækjabúnaði í Björginni. Nýja Björgin verður til sýnis á ráðstefnuninni Björgun 24 í Hörpu

dagana 11. til 13. október þar sem gestum gefst kostur á að skoða hana ásamt Jóhannesi Briem,

öðru skipi í nýsmíðaverkefni Landsbjargar.

SJ

Ólafsvíkur- og Ingjaldshólsprestakall

Guðsþjónustur
Sunnudaginn 6. október

Ólafsvíkurkirkja kl. 11
Ingjaldshólskirkja kl. 14

Kaffisopi eftir messu

Velkomin öll og alltaf

Bifreiðaverkstæði Egis.
Rífl. S-4366677

Betra fyrir bílinn

Snæfellsnes með master umhverfisvottun

Nýverið hlaut Snæfellsnes master umhverfisvottun Earth-Check fyrir áfangastaði. Er þetta 15. vottunin frá því að framtaksamir íbúar, hagsmunaaðilar og sveitarfélög hófu vegferðina í átt að þessari vottun rétt eftir aldamótin. Óháður sérfræðingur metur árlega gögn og starfsemi sveitarfélaganna og ákveður hvort þau uppfylli skilyrði endurnýjaðrar vottunar. Kröfur sem þarf að uppfylla aukast með hverju árinu og þurfa sveitarfélögin yfirleitt að fara í úrbætur til að standast næstu vottun. Master vottunin sem Snæfellsnesið hefur nú fengið fæst einungis ef áfangastaður hefur verið þátttakandi í EarthCheck umhverfisvottunarverkefninu í 15 ár eða lengur. Titillinn er viðurkenning á skuldbindingu áfangastaðarins til að stjórna og bæta umhverfis- og samfélagslega stöðu sína og sameiginlega viðleitni til að vinna að sjálfbærum árangri. Vottunin útvegar stoðir til að mæla

og bæta frammistöðu í umhverfis-, menningar-, samfélags- og efnahagsmálum, með áherslu á stefnumótun og aðgerðaráætlanir, og er viðurkennd af Alþjóðaferðamálasamtökum Sameinuðu þjóðanna (UNWTO). Aðrir áfangastaðir með umhverfisvottun EarthCheck eru Umeå, Azoreyjar og Dublin sem hefur nýlega gengið til liðs við EarthCheck. Með verkefninu er verið að taka á ýmsum málum sem stuðla að sjálfbærni. Meðal atriða sem eru metin eru aðgerðir gegn mengun og ágengum tegundum, úrgangsmál, framtaksemi til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda, gagnsæ samskipti við íbúa og stuðningur við lýðheilsu og menningu. Vöktun á auðlindanotkun, úrgangslausun og samfélagslegri stöðu, t.d. atvinnuleysi, íbúafjölda eða fjölda ferðafólks eru meðal þeirra atriða sem umhverfisvottunarverkefni Snæfellsness heldur utan um.

SJ

1x2 Getraunir

Við erum komin af stað aftur með getraunastarfið í Áttahagastofunni. Eins og í vor, þegar við hættum, verðum við á laugardögum á milli klukkan 11.00 og 12.00. Síðasta laugardag var hópurinn, sem er með sameiginlega seðilinn með 12 rétt úrslit, sem ættu að gefa af sér þokkalegann vinning, en þar sem að 21.822 aðrir voru með 12 rétta og þar af 595 á Íslandi var

vinnurinn í minna lagi fyrir hvern vinningshafa. Fyrst og fremst erum við að styrkja Víking svo við sættum okkur við svona úrslit og höldum áfram ótraud. Kaffi verður á könnunni, svo upplagt er að kíkja við, fá sér kaffisopa og spjalla um fótbolta, eða hvað sem er í góðum félagsskap.

Áfram Víkingur.

JÖKULL

Upplag: 500
Áb.maður: Jóhannes Ólafsson
Prentun: Steinprent ehf.
Sandholt 22a, Ólafsvík
355 Snæfellsbæ
Netfang: steinprent@simnet.is
Sími: 436 1617

Blaðið er gefið út af Steinprent ehf. og liggur frammi í Snæfellsbæ og Grundarfirði,
Blaðið kemur út vikulega.



Fæst nú í **KJÖRBÚÐIN** um allt land

Náttúrulegar húðvörur á góðu verði.

- Engin ónáttúruleg ilmefti.
- Engin Paraben
- Engin Sulfates



616+ fimm
stjörnu umsagnir



„Mjög gott krem! Eignmaðurinn var með
exem í andliti, eftir notkun 1x á dag er
það nánast horfið eftir ekki svo langan
tíma” - Þóra L

www.lovaiceland.is

Blær kominn heim frá Ástralíu

Vinátta er forvarnaverkefni Barnaheilla gegn einelti, ætlað leikskólum og fyrstu bekkjum Grunnskóla, sem við á Krílakoti og Kríubóli vinnum með. Efninu er ætlað að þjálfi félagsfærni og samskipti barna og stuðlar að góðum skólabrag. Bangsinn Blær er hluti af þessu vinaverkefni og eiga börnin einn bangsa hvert. Blær kúrir stundum hjá þeim í hvíldinni, huggar þau og er vinur þeirra.

Verkefnið var þróað og mótað af Mary Fonden og Red Barnet – Save the Children í Danmörku og nefnist á dönsku Fri for mobberi.

Verkefnið byggir á fjórum grunngildum:

Umburðarlyndi: Að viðurkenna og skilja mikilvægi og gildi fjölbreytileikans og koma fram við alla af virðingu.

Virðing: Að viðurkenna og taka tillit til allra barnanna í hópnum, að vera öllum góður félagi og virða mismunandi háttæni annarra.

Umhyggja: Að sýna öllum börnum áhuga, samkennd, samlíðan og hjálpsæmi. Að hafa skilning á stöðu annarra.

Hugrekki: Að þora að láta til sín heyra og geta sett sér mörk. Að vera hugrakkur og góður félagi sem brest við óréttlæti.

Á vorin látum við Blæ fara í sumarfrí til Ástralíu en gerum atburð úr því þegar hann kemur aftur til starfa í september og þá hefst formlegt starf með honum. Höfum við fengið velviljaða aðila í bænum til að koma honum heim á leikskólann og gera heimkomuna eftirminnanlega. Nú er hann kominn heim eftir langt og strangt ferðalag og gerðum við smá ferða-



sögu um ferðalagið.

Blær á Krílakoti Ólafsvík var svo heppinn að þegar hann lenti á Keflavíkurflugvelli rakst hann á Hafþór rútbílsjóra hjá Hópfarþarbilum Svans. Blær var mjög feginn að hitta vin sinn sem var ekki lengi að bjóða honum far og skutlaði honum alla leið heim á Krílakot. Hafþór sagði það lítið mál enda nóg pláss í stóru rútnu hans. Þökkum við honum kærlega fyrir hjálpinu. Börnin biðu spennant við gluggann á Rauðudeild og tóku öll leikskólabörnin á móti honum. Voru miklir fagnaðarfundir, börnin sungu fyrir hann lagið „Blær er vinur“.

Blær á Kríubóli er líka kominn heim frá Ástralíu þar sem hann hittir gamla vini af leikskólanum þau Anítu Leu og Ísak Elí sem voru á einu sinni á leikskólan-

um. Þau sýndu Blæ klengúrurnar í Ástralíu. Á Keflavíkurflugvelli hitti Blær Patryk og Birnu á sjúkrabílnum. Blær fékk far með sjúkrabílnum heim á Hellissand sem var mjög spennandi. Hann var ólmur að fá að stoppa hjá eld-

gosinu og ná í einn hraunmola til að sýna krökkunum. Allir á Kríubóli tóku á móti Blæ og fengu að skoða flotta sjúkrabílinn og hraunmolann og bangsann Blæ sem vinnur í sjúkrabílnum.

Fjárhagsáætlun Snæfellsbæjar og stofnana 2025

Hafin er vinna við gerð fjárhagsáætlunar Snæfellsbæjar fyrir árið 2025

Hér með er auglýst eftir umsóknum um styrki.

Þeir sem vilja koma með styrkumsókn er varða næsta fjárhagsár Snæfellsbæjar eru hvattir til að skila þeim á bæjarskrifstofuna til bæjarritara **fyrir 1. nóvember 2024**.

Félagasamtök sem fengu styrki á árinu 2024 þurfa að **senda inn ársreikning** með áframhaldandi styrkbeiðni.

Athugið að engir styrkir fást greiddir nema um þá sé sótt og bæjarstjórn samþykki þá.



Bæjarritari



Skotgrund á HM í Bandaríkjunum



Í september héldu 5 íslenskir keppendur vestur yfir haf til að taka þátt í heimsmeistaramótinu í PSR sem fór fram í Colorado í Bandaríkjunum. Af fimm keppendum í liði Íslands voru fjórir félagsmenn í Skotgrund, Skotfélagi Snæfellsness en það voru Arnar Geir Diego Ævarsson, Steinar Smári Guðbergsson, Þorgrímur Dúi Jósefsson og Jóhannes Ingibjartsson. Hófu þeir keppni laugardaginn 14. september við krefjandi aðstæður, veðrið var milt en erfitt var að lesa í vindinn og hitinn náði upp í 34°C. Þeir tóku svo sunnudaginn í hvíld og

seinni part mánudags mætti þeir aftur. Þá voru aðstæður erfiðari, miklir sviptivindar, sandstormur um tíma og hitinn í 29°C í lok keppnisdags. Íslenski hópurinn stóð sig vel en Arnar Geir var í 77. sæti með 101 hitt, Jóhannes var í 92. sæti með 75 hitt, Þorgrímur Dúi var með 68 hitt í 95. sæti og Steinar Smári lenti í 103. sæti með 45 hitt. Íslenska landsliðið endaði í 17. sæti af 23 og ganga sáttir frá borði eftir gott og lærdómsríkt mót. Meðfylgjandi mynd frá Skotgrund af íslenska hópnum í Colorado.

SJ

Nýtt anddyri á Jaðri






Breytingar eru fyrirhugaðar á húsnæði Dvalar- og hjúknarheimilisins Jaðars. Unnið er að endurbótum á anddyri heimilisins en eftir breytingar verður það stærra, hjartara og aðgengi mun batna til muna. Fyrir breytingar var anddyrið tæpir fimm fermetrar en mun verða um 26 fermetrar eftir framkvæmdir. Rafdrifnar hurðir munu auðvelda umgang og bæta aðgengi. Nokkrar vikur eru áæt-

aðar í verkið en á meðan verður gengið inn á heimilið í gegnum inngang sem er við skrifstofur hússins. Gengið er inn hægra megin frá Hjarðartúni á meðan. Á meðfylgjandi mynd má sjá þegar starfsmenn Batahallarinnar voru byrjaðir að saga svalirnar sem hafa verið fyrir ofan anddyrið en þá voru smiðir búnir að rífa anddyrið sjálft. Hin myndin er svo tölvugerð mynd af því hvernig nýtt anddyri mun líta út.

JJ



 Jökull Bæjarblað
 steinprent@simnet.is
 436 1617

Hlaupa saman á sunnudögum

Stofnaður hefur verið hlaupahópur í Snæfellsbæ en markmiðið með honum er að efla hlaupasamfélagið og hvetja fólk til að stunda útihlaup allt árið um kring. Öllum er velkomið að taka þátt burt séð frá hlaupahraða og þoli. Fyrsta æfingin var haldin 8. september og hefur hlaupurum fjölgað jafnt

og þétt síðan. Hópurinn hittist á sunnudagsmorgnum, tekur léttar hreyfiteygjur og hleypur svo fyrirfram ákveðinn hring. Upplýsingar um tíma og staðsetningu fyrir hverja viku má finna í Facebook hópnum Hlaupahópur – SNB.

JJ

Á heimasíðu
Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness
fasteignsnae.is
er að finna upplýsingar um allar eignir á skrá hjá Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness.

Þétur Kristinnson hdl.
löggiltur- fasteigna- og skipasali sími 438-1199



Við bjóðum upp á
alhliða bílaviðgerðir,
dekkjaskipti og smurþjónustu.

Tímarpantanir í síma 436-1111

Sjálfboðaliðar í Þjóðgarðinum

Árlega koma sjálfboðaliðar til Íslands á vegum Umhverfisstofnunar til þess að vinna að ýmsum verkefnum tengdum náttúruvernd í þjóðgörðum og öðrum friðlýstum svæðum. Þau starfa að vistheimt í þágu náttúruverndar hvort sem það er að endurheimta og viðhalda eða vernda landslag, dýralíf eða líffræðilegan fjölbreytileika. Núna í sumar komu fimm sjálfboðaliðar í þessum tilgangi í Snæfellsjökulsþjóðgarð en

þau dvöldu í eina viku á Malarífi. Verkahringur sjálfboðaliðanna getur verið fjölbreyttur en í sumar grjóthreinsuðu þau göngustíga við Vermannaleið ásamt því að stika slóða milli Vermannaleiðar og að nýju bílastæði við Djúpulón. Á myndinni má sjá sjálfboðaliða sumarsins ásamt Evu Dögg, yfirlandverði og Guðmundi Jens, landverði.

JJ



Farsældarfundur



Heimili og skóli voru með fund í Grunnskóla Snæfellsbæjar í Ólafsvík á dögunum. Leik- og grunnskólinn ásamt foreldrafélögnum stóðu fyrir fundinum en málefni fundarins var foreldrasamstarf og gerð farsældarsáttmála. Foreldrar leik- og grunnskólabarna í Snæfellsbæ voru boðaðir á fundinn og mættu tæplega 90 foreldrar. Sigurjón Már byrjaði á að vera með fyrirlestur um farsældarsáttmálann en sáttmálinn er verkfæri sem byggir á því að foreldrar

komi sér saman um ákveðin viðmið eða gildi sem þeir telja mikilvæg til þess að styðja við vöxt og þroska allra barna í nærsamfélaginu. Foreldrum var skipt upp í hópa eftir aldri barna þeirra og sameinaðist hver hópur svo um viðmið sem foreldrarnir samþykktu að fara eftir. Með þessi gefur farsældarsáttmálinn foreldrum tækifæri til þess að forma samstarf sín á milli, styrkja foreldrastarf og hlutverk foreldra sem lykilaðila í að skapa farsælt samfélag.

JJ

Jökull á Issuu



Til að nálgast Jökul á netinu er hægt að skanna QR merkið hér að ofan með myndavélinni í símanum.

Forvarnardagur í FSN



18. september síðastliðinn var haldinn forvarnardagur í Fjölbautaskóla Snæfellinga. Meginmarkmið dagsins var að fækka umferðarslysnum og auka öryggi í umferðinni með því að gera nemendum grein fyrir ábyrgðinni sem fylgir því að vera ökumaður. Nemendur og starfsfólk fengu fræðslu frá Samgöngustofu, lögreglunni á Vesturlandi og 112 þar sem þau fjölluðu um umferðaröryggi en þessir aðilar hafa undanfarið farið í alla framhaldsskóla á Vesturlandi í þessum tilgangi. Í kjölfar þess héldu nemendur út fyrir skólann og fylgdust með þegar

viðbragðsaðilar björguðu þremur sjúklingum á tilgerðum slysavettvangi. Öllum aðgerðum var lýst úr hátalara svo að nemendur vissu hvað væri að fara fram en klippa þurfti leikara út úr bílnum meðal annars. Sjúkraflutningamenn HVE, lögreglan á Vesturlandi og Slökkvilið Grundarfjarðar tóku þátt í aðgerðunum auk þriggja nemenda úr FSN sem léku sjúklingana sem voru fastir í bílnum. Forvarnardagurinn gekk vonum frammar og voru nemendur og starfsmenn skólans ánægð með fræðsluna.

JJ

Ólafsvíkur- og Ingjaldshólsprestakall

Biblíulestur

Alltaf á miðvikudagskvöldum

Á heimili sóknarprests,
Lindarholti 8 kl. 20

Gott er að koma með Biblíu eða Nýja testamenti. Njótum saman kaffiveitinga að stundinni lokinni.

Velkomin öll og alltaf



Danskennsla í grunnskólanum

Jón Pétur Úlfjótsson, danskennari, hefur heimsótt Snæfellsbæ síðustu vikur. Hefur hann kennt dans hjá 2020 árgangi í leikskólum Snæfellsbæjar, í Smiðjunni og Grunnskóla Snæfellsbæjar. Í grunnskólanum hefur hann fengið alla bekkir í öllum deildum til sín í danskennslu. Ýmist mætti til hans hver bekkur fyrir sig eða blanda af yngri og eldri bekkjum saman. Markmiðið með danskennslunni er að auka samkennd, efla einstaklinga félagslega og í samskiptum við aðra, auk þess að hafa gaman saman. Eftir að hafa komið vestur í nokkrar vikur héldu börnin á leikskólunum danssýningu fyrir foreldra og aðstandendur og allir nemendur grunnskólans komu saman í Íþróttahúsinu í Ólafsvík fimmtu-



daginn 26. september og dönsuðu saman. Þar var gleðin allsráðandi og bar af hve umhyggjusöm þau eldri voru gagnvart þeim yngri.

SJ

Komdu í bingó vinan



Viðburðurinn Komdu í bingó vinan verður haldinn laugar daginn 5. október. Viðburðurinn var haldinn í fyrsta sinn í nóvember 2023, þá skipulagður af Valgerði Helgu með aðstoð fjölskyldu og vina en í ár hefur hún fengið Önnu Björgu og Steinunni með sér í lið við undirbúning og skipulag. Um er að ræða bingókvöld fyrir konur á Snæfellsnesi til styrktar Krabbameinsfélagi Snæfellsness. Í fyrra komu um 140 konur saman í Samkomuhúsi Grundarfjarðar, skemmtu sér, spiluðu bingó og safnaðist þar 727 þúsund krónur fyrir Krabbameinsfélag Snæfellsness. Þar sem kvöldið í fyrra gekk vonum framár ákváðu vinakonurnar þrjár að halda við-

burðinn aftur í ár og mun allur ágóði af seldum miðum, bingóspjöldum og happdrættismiðum renna óskertur til Krabbameinsfélags Snæfellsness líkt og í fyrra. 195 sæti eru á bingóinu og þriðjudagskvöldið 1. október, þegar 4 dagar voru til stefnu var uppselt. Mikil stemning hefur myndast fyrir kvöldinu en Rútuferðir ehf bjóða uppá rútuferðir á viðburðinn frá þéttbýliskjörnum á Snæfellsnesi, engin önnur en Brynja Dan verður bingóstjóri og hafa safnast 195 bingó- og happdrættisvinningar. Nánari upplýsingar um viðburðinn má finna á Facebook undir viðburðinum Komdu í bingó vinan. Meðfylgjandi mynd er frá viðburðinum í fyrra.

SJ

Klakkur fær nýjan bíl



Björgunarsveitin Klakkur í Grundarfirði hefur fengið afhentan Land Cruiser 150 með AT40 breytingu. Bíllinn mætti til Grundarfjarðar í upphafi september eftir að hafa farið í breytingu og ryðvörn en hann var einnig merktur í bak og fyrir. Fyrir utan 40" breytinguna fékk nýji bíllinn, sem ber nafnið Nýji Klakkur 1, ARB framlás, ARB toppgrind, Arctic Trucks kastaragrind, 9" Strands Skylord kastara, Strands blikkljós, úrhleypi-búnað og margt fleira. Svona

öflugt björgunartæki væri ekki hægt að kaupa án fjármögnunar frá velunnurum sveitarinnar en með tilkomu nýja bílsins er björgunarsveitin Klakkur betur í stakk búinn að sinna hinum ýmsu útköllum á svæðinu sem færast sífellt í aukana með hraðri fjölgun ferðamanna á svæðinu. Félagar og stjórn björgunarsveitarinnar Klakks vilja koma á framfæri þökkum til allra þeirra sem hafa veit sveltinni stuðning í kaupum á bílnum.

SJ



- Bílaviðgerðir
- Skipaþjónusta
- Almenn suðuvinna
- Smurþjónusta
- Smábátaþjónusta
- Dekkjaverkstæði

vegr@vegr.is vegr.is
S: 849-7276 Remek og 898-5463 Þórður

HAMPIÐJAN

VERSLUN ÓLAFSVÍK

Ólafsbraut 19 - s. 436 1214 - olafsvik@hampidjan.is

Við bjóðum upp á þrautreyndar rekstrarvörur fyrir sjó og land, allt á einum stað!



Breyttur opnunartími verslunar:

Virka daga 8 - 17

Föstudaga 8 - 16